

## Yfirlæknir á geðdeild Landspítalans – háskólasjúkrahúss

# „Langsótt að telja að neyðarástand sé í miðbænum út af lokunum“

STJÓRN Geðhjálp hefur undanfarið lýst yfir áhyggjum af lokunum geðdeilda í sumar og hefur jafnvel verið rætt um að þær auki á fjölda heimilislausra einstaklinga í Reykjavík. Einhverjir sem á geðdeildum dveljist eigi ekki í önnur hús að vernda. Í samtali við Morgunblaðið segir Engilbert Sigurðsson, yfirlæknir á Geðdeild Landspítala, að ekki séu tengsl þarna á milli. „Ég held að það sé mjög langsótt að telja að það sé eitthvert neyðarástand í miðbænum út af þessum lokunum,“ segir Engilbert.

„Það eru allir vistaðir sem þurfa bráðameðferð og bráðþjónustu,“ segir hann og bendir á að lokanirnar í ár séu í rauninni mjög sambærilegar og verið hefur síðustu ár. Þó hafi verið aðeins meira en undanfarin ár núna fyrri hluta sumars, en frá og með mánuðeginum verður svipað ástand og síðastliðin sumur, þegar deild 12 á Kleppspítala verður opnuð á ný.

„Hins vegar eru óneitanlega færri samfélagsúræði fyrir geðsjúka, sem margir hverjir þurfa langtíma-meðferð. Langtímaúræði hér á landi eru færri heldur en í mörgum öðrum löndum, en hefur þó fjölgað á allra síðustu árum,“ segir Engilbert. Hann segir að það séu fyrst og fremst bráðadeildirnar sem loki en meðallegutíminn þar sé í kringum tvær vikur.

Að hans sögn ráðast þessar lokanir af því að geðsviðið er stórt svið,

með mikinn fjölda starfsfólks, um 650 starfsmenn og það er ekki til á landinu sumarafleysingafolk til að ganga inn í störf þeirra sem fara í sumarfrí. Hjúkrunarfræðingar eru sú stétt sem er stærst af þessum faghópum.

Hann segir að reynt sé til hins ítrasta að halda þjónustunni þannig að hún geti mætt þeim þörfum sem séu til staðar. „Það er ljóst að það er vaxandi ásókn í okkar þjónustu og sá hópur sem hefur verið einna erfðast að þjónusta er sá hópur sem er bæði með vímuefnavandamál og geðraskanir. Það kemur óneitanlega aðeins niður á þessum hópi að það eru færri pláss á áfengis- og fjölkvilladeildinni í sumar en er yfir vetrartímann. Það er bara sambærilegt við það sem var í fyrra og hefur verið fleiri sumur,“ segir Engilbert.

Hann minnr á að óneitanlega sé vilji fyrir hendi til að halda úti fleiri slíkum rýmum en starfsfolk vanti til þess að það sé hægt. „Það þarf fleiri langtímalausnir, þetta snýst ekki um það að opna nokkur rúm og vandinn er leystur, það er ekki svoleiðis,“ segir hann.

### Ekki hefur dregið úr leguplássi umfram það sem venjulegt er

„Ég efast ekki um að það er mikið af sjúklingum af ýmsum toga niðri í

bæ um mitt sumar. En það eru engar meiriháttar breytingar frá því sem verið hefur varðandi lokanirnar,“ segir Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Hann telur að ekki hafi verið dregið úr leguplássi nú í sumar umfram það sem venjulegt sé.

Hann segir að einhver tengsl þarna á milli séu mjög veikbyggð fullyrðing og hann hafi engar tölur um að ástandið sé svona. Hann viti ekki til þess að þetta hafi verið kannað formlega. „Geðhjálp myndi væntanlega þurfa að hitta þá geðdeildarmenn til að finna út hvað sé að gerast. Það hefur náttúrlega margt verið að gerast á sviði þessara mála núna síðustu mánuðina. En að innlagnir inn á bráðadeildir komi eitthvað inn í þetta, það virðist ekki stemma ef miðað er við það pláss sem vanalega er um þetta leyti,“ segir Sveinn.

Hann bendir á að sífellt sé verið að reyna að leita einhverra langtímalausna á málefnum geðfatlaðra og menn séu mjög meðvitaðir um þessi mál. Skoða þurfi þau í heild sinni. Sveinn segir að fleiri þættir komi inn í fjölgun heimilislausra, geðfatlaðra og annarra. Greinilegt sé að tilfærsla hafi orðið á þeim stöðum sem þetta fólk sækir og nú sé það sýnilegra niðri í miðbæ.